

93. fundur

93. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags og Markaðsstofu Reykjanes haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ, mánudag 13. maí 2024, kl. 8:30.

Mætt: Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson (TEAMS), Guðjón Skúlason, Gunnar Axel Axelsson, Pálmi Freyr Randversson og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Dagskrá:

1. Heklan – verkefnastaða.

Berglind fór yfir verkefnastöðuna hjá Heklunni fyrstu fimm mánuði ársins. Hluti af verkefnum SSS/Heklunnar hafa mikla samlegð við verkefni Kadeco.

2. Íbúakönnun Heklunnar – kynning á niðurstöðum.

Berglind fór yfir helstu niðurstöður sem snúa að Suðurnesjum. Unnið verður frekar úr gögnum er snúa að Suðurnesjum.







3. Kynning á síðunni svæði.is

https://www.svaedi.is/?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMATAAR1BfzplMeISJlq-DTlppXZD04OP1Ghpn7rkKbCVmXm-qfZdMFnBbiBn-6Y_aem_AbEP89CC9lj4y80Yh93EDU-uYRwvBCZEG12Mpj7bOTKNKbk3xtKEgxwmQ-Q_TsSqeYpOJVcLhZZvybpiStH85HkK

Vefsíðan var sett upp í kringum Verk og vit sýninguna en inni á henni er að finna áhugaverðar upplýsingar um uppbyggingu í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.

4. Grindavík- fyrirtækjakönnun Maskínu.

Fannar Jónasson fylgdi eftir niðurstöður könnunar. Könnunin var unnin í apríl 2024 af Maskínu. Könnunin náði til 83 fyrirtækja.

	fjöldi	%		
Iðnaður	24	28,9%		28,9%
Ferðapjónusta og veitingarekstur	16	19,3%		19,3%
Sjávarútvegur	16	19,3%		19,3%
Verslun og þjónusta	15	18,1%		18,1%
Annað, hvað	12	14,5%		14,5%
Fjöldi svara	83	100,0%		0%
Vil ekki svara	0	0,0%		
Heildarfjöldi	83	100,0%		100%

Um 22 % fyrirtækja í Grindavík eru í fullum rekstri og 22% eru með skertan rekstur. Mjög skertur rekstur er hjá 20,7% fyrirtækjum en 35,4% eru með engan rekstur. Þegar fyrirtæki voru spurð um það hvort þau stefni á að halda rekstri áfram í Grindavík svöruðu 24,4% já, að fullu 15,9% að hluta en 23,2% svöruðu nei. Stór hluti fyrirtækja eða 36,6% svöruðu veit ekki.

5. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.